

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 7. apríl 2020 vegna skipulagslýsingar vegna skipulagsgerðar og umhverfismats Kringlusvæðisins.

Góðan dag,

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. apríl 2020 og borgarráðs 2. apríl 2020 var lögð fram skipulagslýsing, Kanon arkitekta og VSÓ ráðgjafar dags 18. mars 2020, vegna skipulagsgerðar og umhverfismats "Kringlusvæðisins".

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 20. maí 2020.

Samþykkt var að leita umsagna um lýsinguna hjá eftirfarandi aðilum/stofnunum: Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Verkefnastofu Borgarlínu, Strætó bs., Vegagerðinni, Veitum ohf., Sorpu, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Veðurstofu Íslands, Samgöngustofu, Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, Kópavogsbæ, viðeigandi sviðum og deildum (skrifstofur) Reykjavíkurborgar, utan umhverfis- og skipulagssviðs, s.s. skóla- og frístundasviði og menningar- og ferðamálasviði, rekstrar- og hagsmunaaðilum á Kringlusvæðinu og íbúaráði.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Bendum fasteignaeyndum vinsamlega á að upplýsa sína leigutaka/rekstraraðila um málið.

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík